



Fundargerð 40. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 23. október 2017 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Hagvöxtur landshluta og atvinnutekjur
2. Viðaukar við sóknaráætlunarsamninga
3. Áhersluverkefni Suðurlands, Norðurlands eystra og Vestfjarða
4. Fundir stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga haustið 2017
5. Rafræn umsóknargátt uppbyggingarsjóða
6. Önnur mál
 - a. Bókun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga
 - b. Næsti fundur

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SSR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Þór G. Þórarinsson (VEL, mætti kl. 13:25), Páll S. Brynjarsson (landshlutasamtökunum), Karl Björnsson (Sambandinu) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Hermann Sæmundsson mætti á fund kl. 13:55.

Fjarverandi: Anna Katrín Vilhjálmsdóttir (UTN), Stefanía Traustadóttir (SSR), Helga Haraldsdóttir (ANR), Þórarinn Sólmundarson (MMR) og Árni Ragnarsson (Byggðastofnun).

Fundargerð 39. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Hagvöxtur landshluta og atvinnutekjur

Sigurður Árnason frá Byggðastofnun mætti á fundinn og kynnti skýrslu stofnunarinnar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um hagvöxt landshluta og skýrslu Byggðastofnunar um atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum. Í umræðum að kynningu lokinni var rætt um þau gögn sem liggja til grundvallar skýrslunum og hvaðan þau kæmu og hverjir nýttu sér niðurstöðurnar. Einnig var rætt um að vert sé að vekja athygli á þeim upplýsingum sem finna má á heimasíðu Byggðastofnunar. Óskað var eftir því að fá glærurnar sendar og verður það gert.

2. Viðaukar við sóknaráætlunarsamninga

Formaður lagði fram til kynningar drög að rekstraráætlun um fjárfamlög til byggðamála árið 2017 og greindi frá því að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið væri að undirbúa viðauka við sóknaráætlanasamninga þriggja landshluta, Vesturland, Vestfirði og Norðurland vestra. Markmiðið er að styrkja sóknaráætlanir framangreindra landshluta með sérstöku framlagi og treysta þannig byggð á tilteknum svæðum.

Framlag ráðuneytisins til samninganna þriggja er 107 milljónir króna og byggir fjárveitingin á stefnumótandi byggðaáætlun fyrir 2014-2017, sem og áherslum löggjafans á að sérstaklega skuli hlúa að svæðum sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleyfi og einhæft atvinnulíf. Þá byggir hver viðauki



SÓKNARÁÆTLANIR

LANDSHLUTA

fyrir sig á aðgerðaráætlunum sem samþykktar hafa verið fyrir hvert svæði, þ.e. skýrslu landshlutaneftndar fyrir Norðurland vestra frá október 2014, aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði frá desember 2016 og aðgerðaáætlunar vegna íbúafækkunar í Dalabyggð frá september 2017.

Talsverðar umræður urðu og svöruðu bæði formaður og Hermann Sæmundsson spurningum. Formaður mun senda stýrihópnum og Byggðastofnun samningana til upplýsingar þegar þeir liggja fyrir.

3. Áhersluverkefni Suðurlands, Norðurlands eystra og Vestfjarða 2017

Stýrihópurinn hafði fengið sendar tillögur að nýjum áhersluverkefnum frá þremur landshlutum. Eitt verkefni frá Suðurlandi, eitt verkefni frá Norðurlandi eystra og sex verkefni frá Vestfjörðum. Farið var yfir verkefnin og staðfesti stýrihópurinn þau öll fyrir sitt leytí.

Fram komu athugasemdir við framsetningu markmiða áhersluverkefna. Fulltrúi forsætisráðuneytisins lagði fram hugtakalista stefnuráðs Stjórnarráðsins til notkunar við stefnumótun. Stýrihópurinn er sammála um að almennt þurfi að bæta markmiðsetningu áhersluverkefna. Ákveðið að fela formanni, verkefnisstjóra og fulltrúa forsætisráðuneytisins að fara yfir eyðublaðið sem landshlutasamtökin nota fyrir áhersluverkefni sín og koma með tillögur að endurbótum og leggja fram fyrirmydardæmi að framsetningu áhersluverkefna.

4. Fundir stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga haustið 2017

Árlegir fundir landshlutasamtaka og stýrihóps eru framundan og að þessu sinni heimsækir stýrihópurinn hvern landshluta. Verkefnisstjóri skipuleggur þessa fundi í samstarfi við formann. Stefnt er að því að ljúka fundarlotunni fyrir mánaðarmótin nóvember-desember. Vonast er til að sem flestir fulltrúar stýrihópsins hafi tök á að sækja fundina. Verkefnisstjóri fór yfir tímasetningar sem boðaðar hafa verið og aðrar mögulegar. Hún vinnur áfram að málinu með formanni.

5. Rafræn umsóknargátt uppbyggingarsjóða

Formaður hafði sent kynningarmyndbond um uppbyggingarsjóðinn frá SSS fyrir fundinn og fór stuttlega yfir gang mála varðandi vefgáttina.

6. Önnur mál

a. Bókun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Fundarmenn höfðu fengið senda bókun frá stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, dags. 19. október 2017. Bókunin var gerð á fundi þeirra þann 28. september sl. og er gerð með vísan í 38. fund stýrihópsins. Í bókuniinni kemur meðal annars fram að FV telur mikilvægt að stýrihópurinn hafi tekið upp sem verkefni að fjalla um aðgerðaráætlun Vestfjarða og tekur undir með stýrihópnum að þegar upp koma svæðisbundin byggðamál þá verði farið með slík mál í gegnum sóknaráætlun landshlutans og stýrihópinn.

b. Næsti fundur

Minnt var á næsta fund sem haldinn verður mánudaginn 27. nóvember kl. 13.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:55.